



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 26. nóvember

2018

USK2018110010

5.2

UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Umhverfis- og skipulagssvið

Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um teinagrindur milli akreina - R18100367

Á fundi borgarráðs þann 25. október 2018 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um teinagrindur milli akreina:

„Hefur Reykjavíkurborg tekið niður teinagrindur sem eru á milli akreina á ýmsum götum borgarinnar samsvarandi þeim sem Vegagerðin hefur tekið niður vegna slysaþættu?“

Fyrirspurnin var send umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.

Umræddar girðingar, teinagrindur, voru á sínum tíma settar upp til að beina gangandi og hjólandi vegfarendum á skilgreindar gönguþveranir og takmarka þannig slysaþættu. Reykjavíkurborg hefur ekki tekið niður teinagrindur sem eru á milli akreina á götum borgarinnar, þar er hámarkshraði 50 km/klst. eða lægri. Málið er til skoðunar og mikilvægt er að leggja vandað mat á kosti og galla þess að fjarlægja þær. Meta þarf hvort grípa þarf til annarra aðgerða ef girðingar eru teknar niður og tryggja þarf að slysaþætta allra vegfarenda aukist ekki. Vegagerðin hefur tekið niður teinagrindur á stofnvegum, þar er hámarkshraði 60 km/klst. eða hærri, fyrst var áherslan á að taka niður teinagrindur þar sem vegrið eru til staðar sem Vegagerðin telur fullnægjandi til að hindra gangandi og hjólandi í að þvera götur nema á skilgreindum gönguþverunum.

Fyrir hönd umhverfis- og skipulagssviðs,

Þorsteinn R. Hermannsson,
samgöngustjóri